



## Samson eignarhaldsfélag ehf.

### Árshlutareikningur 30. júní 2007

Samson er eignarhaldsfélag og er tilgangur þess almenn fjárfestingastarfsemi og skyldur rekstur. Félagið er eigandi tveggja dótturfélaga og er því birtur samstæðureikningur félagsins og dótturfélaga þess. Auk móðurfélagsins eru í samstæðunni félögin Samson Properties ehf. sem er fasteignafélag sem sérhæfir sig í rekstri, þróun og fjárfestingum í fasteignum og fasteignatengdum verkefnum í Evrópu. Einnig er fjárfestingafélagið Ópera fjárfestingar ehf. hluti af samstæðunni en það félag er eigandi að um 26% eignarhluta í Fjárfestingarfélaginu Gretti hf.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og er það í fyrsta sinn sem samstæðan birtir reikning sinn með þeim hætti. Árshlutareikningar samstæðunnar hafa undanfarin ár verið gerðir í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur. Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna hafði óveruleg áhrif á fjárhagsstöðu samstæðunnar og ekki voru gerðar breytingar á samanburðarfjárhæðum eigin fjár og afkomu samstæðunnar eins og þær voru birtar samkvæmt íslenskum reikningsskilavenjum fyrir árið 2006.

Eignarhluti móðurfélagsins í Landsbanka Íslands hf. var 4.559 m.kr. að nafnverði í lok tímabilsins og nam hann 41,37% af heildarhlutafé bankans. Markaðsverð eignarhlutans nam 173.700 m.kr. í lok tímabilsins en bókfært virði hans er 73.081 m.kr. en beitt er hlutdeildaraðferð við bókun eignarhlutans. Gengi hlutafjár í Landsbanka Íslands hf. hækkaði um 43,8% á fyrri hluta ársins 2007.

Tap félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2007 nam 3.209 m.kr. samanborið við 12.184 m.kr. hagnað á sama tíma í fyrra. Þar sem beitt er hlutdeildaraðferð við að gera grein fyrir eignarhluta félagsins í Landsbanka Íslands hf. færast einungis 10.912 m.kr. til tekna þó markaðsvirði eignarhluta Samson ehf. hafi aukist um 52.885 m.kr. á tímabilinu. Félagið færir afleiðusamninga á markaðsvirði og því kemur fram gjaldfærsla að fjárhæð 14.658 m.kr. sem að stórum hluta er vegna styrkingar íslensku krónunnar á tímabilinu. Sem alþjóðlegt fjárfestingafélag beitir félagið gengisvörnum til að styðja við eign félagsins í Landsbanka Íslands hf. og draga úr gengisáhrifum á eignir félagsins í evrum talið. Þar sem félagið beitir hlutdeildaraðferð á eign sína í bankanum er hækkun á markaðsverði eignarinnar ekki færð að fullu á móti þessu tapi.

Bókfært eigið fé í lok tímabilsins nam 25.622 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og lækkaði það um 12,8% frá árslokum 2006. Ef eignarhlutur félagsins í Landsbanka Íslands hf. væri færður til eignar á markaðsverði væri eigið fé félagsins 108.129 m.kr. að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa og eiginfjárhlutfall þá 42,3%. Í árslok 2006 var eigið fé félagsins skv. sömu aðferð 73.063 m.kr. og hefur því aukist um 48% á tímabilinu.

Helstu stærðir úr árshlutareikning félagsins eru eftirfarandi (fjárhæðir eru í milljónum króna):

<b>Rekstrarreikningur</b>	<b>Samstæða 1/1-30/6 2007</b>	<b>1/1-30/6 2006</b>	<b>Samstæða Árið 2006</b>	<b>Árið 2005</b>
Hreinar rekstrartekjur	(3.450)	14.630	15.779	10.080
Rekstrargjöld	(871)	(63)	(358)	(163)
Hagnaður fyrir skatta	(4.321)	14.567	15.421	9.917
Tekjuskattur	1.112	(2.383)	(2.577)	(1.654)
<b>(Tap) hagnaður tímabilsins</b>	<b>(3.209)</b>	<b>12.184</b>	<b>12.844</b>	<b>8.262</b>
Ráðstöfun:				
Hluthafar móðurfélags	(3.165)	12.184	12.467	8.262
Minnihluti	(44)		377	
<b>(Tap) hagnaður tímabilsins</b>	<b>(3.209)</b>	<b>12.184</b>	<b>12.844</b>	<b>8.262</b>
<b>Efnahagsreikningur</b>	<b>30/6 2007</b>	<b>30/6 2006</b>	<b>31/12 2006</b>	<b>31/12 2005</b>
Heildareignir	155.018	77.789	92.913	51.907
Skuldir og skuldbindingar	129.396	51.227	65.825	37.615
Eigið fé	25.622	26.562	27.088	14.292
<b>Sjóðstreymi</b>	<b>1/1-30/6 2007</b>	<b>1/1-30/6 2006</b>	<b>Árið 2006</b>	<b>Árið 2005</b>
Handbært fé (til) frá rekstri	(6.859)	1.342	4.703	(1.115)
Fjárfestingahreyfingar	(49.942)	(4.088)	(14.487)	(6.554)
Fjármögnunarhreyfingar	58.834	7.956	14.655	8.602
Handbært fé í lok tímabils	8.706	7.014	6.674	1.803
<b>Kennitölur</b>				
Eiginfjárlutfall skv. ársreikningi	16,53%	34,10%	29,20%	27,50%
Arðsemi eiginfjár	0,00%	170,50%	98,90%	156,20%
Eiginfjárlutfall - eignarhluti í LÍ á markaðsvirði	42,30%	49,10%	49,00%	58%
Breyting á markaðsvirði Landsbanka Íslands hf.	43,77%	-20,10%	4,70%	109,10%
Gengi hlutafjár í Landsbanka Íslands hf.	38,1	20,2	26,5	25,3